

Stjórnsýsluhús Dalabyggðar  
b/t Skipulagsfulltrúa  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

21.01.2021  
2020-03-74/0.11.2

## Efni: Umsögn Landsnets um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkuvers í landi Sólheima

Landsneti barst þann 24. nóvember 2020 beiðni um að veita umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkuvers í landi Sólheima. Athugasemdafrestur vegna tillögunnar er til 20. janúar 2021. Breytingin tekur til um 400 ha iðnaðarsvæðis til vindorkunýtingar.

Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

### Landnotkun

Í kafla 1.4 kemur fram að áætlað uppsett afl verði allt að 150 MW og að fjöldi vindmylla verði allt að 30. Hæð þeirra gæti orðið 120 m í miðju hverfils og spaðar munu rísa í 200 m hæð. Fjallað er um mögulega þörf á ljósabúnaði efst á myllum, til aðvörunar fyrir flugumferð. Lagðir verða vegir að svæðinu og milli vindmylla til viðhalds og eftirlits. Auk þess verði lagðar línur/strengir frá vindmyllunum að tengivirki sem byggt verði innan svæðisins. Fram kemur að Glerárskógalína liggja um framkvæmdasvæðið en það skiptist í sjö aðskilin svæði skv. skipulagsuppdraetti í kafla 6.

Glerárskógalína 1 er sýnd á skipulagsuppdraetti og undir henni liggur svæði sem ætlað er fyrir safnstöðvar og tengivirki. Tvö svæði liggja nærri línunni og samsíða henni en önnur eru fjær. Fjarlægð er ekki tilgreind og mælistika er ekki sýnd á uppdraetti. Engin umfjöllun er um háspennulínuna eða helgunarsvæði hennar í greinargerð tillögunnar.

Landsnet bendir á að samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013, skal í aðalskipulagi gera grein fyrir og marka stefnu um fyrirbyggjandi og fyrirhuguð stofnkerfi rafveitu frá upptökum að dreifikerfi og helgunarsvæðum þeirra.

Áhrifasvæði loftlína vegna landnotkunar miðast við helgunarsvæði línunnar. Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja. Helgunarsvæði loftlína er breytilegt og er ákvarðað í hverju tilviki fyrir sig eftir gerð mannvirkisins í samræmi við íslenska staðla. Breidd svæðisins fer m.a. eftir spennu línunnar, hæð mastra og bili milli þeirra.

Tryggja þarf að helgunarsvæði háspennulína sé virkt. Innan helgunarsvæðis loftlína gildir byggingarbann þ.e. á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt er takmörkunum háð, en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Nauðsynlegt er að tryggja greiðan aðgang að línunum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. En það getur átt við aðgengi ýmissa vélknúinna tækja, allt eftir eðli verkefna.

Frekari upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum *Háspennulínur – aðgát skal höfð* sem er að finna á heimasíðu Landsnets.<sup>1</sup>

### Áhrif

Í kafla 4 er fjallað um umhverfismat áætlunarinnar. Þar eru meðal annars metin áhrif ofangreindrar uppbyggingar vindorkuvers á aðra landnotkun en aðeins er litið til landbúnaðar.

Landsnet telur æskilegt að einnig verði metin áhrif áætlunarinnar á háspennulínuna og helgunarsvæði hennar, í ljósi þess að lagning vega, plana, lína/jarðstrengja og bygging mannvirkja vegna vindmylla gætu haft áhrif á raforkuflutning og rekstur lína á svæðinu.

<sup>1</sup> <https://www.landsnet.is/library/Skiol/FramkvAemdir/H%C3%A1spennul%C3%ADnur-A%C3%B0g%C3%A1t-skal-h%C3%B6f%C3%B0.pdf>

Landsnet leggur á það áherslu að lagt verði mat á það hvort og hversu mikil áhætta er af staðsetningu og rekstri vindmylla svo nálægt háspennulínunum m.t.t. veðurfarslegra áhrifa svo sem mögulegs ískasts og myndun vindstrengja frá vindmyllunum sem áhrif geti haft á rekstur loftlína og mastra.

### **Tenging við flutningskerfi**

Í kafla 1.1 kemur fram að raforkan verði seld inn á kerfi Landsnets og í kafla 1.4. kemur fram að raforka frá vindmyllunum verði tengd inn á Glerárskógalínu sem liggja um framkvæmdasvæðið. Fram kemur að ef vindorkuver verði einnig reist í landi Hróðnýjarstaða muni Glerarlína ekki bera raforku frá báðum svæðum og því gæti skapast þörf á að auka flutningsgetu Glerarlínu.

Landsnet leggur á það áherslu að greining á mögulegum tengingum við flutningskerfið, og útfærslum þar á, fari fram í samráði við fyrirtækið, eins og lýst er í skilmálum Landsnets um tæknilegar kröfur til vinnslueininga, sbr. 7. kafla netmála Landsnets D1.<sup>2</sup> Brýnt er að huga sérstaklega að því að tengimöguleikar falli að framtíðarhugmyndum Landsnets um uppbyggingu flutningskerfisins á svæðinu. Enn fremur þarf að kanna sérstaklega hvort hugsanlegar jarðstrengslagnir frá vindorkuverinu að tengipunkti við flutningskerfið hafi áhrif á afhendingargæði raforku.

Landsnet mun óska eftir niðurstöðum kerfisgreininga framkvæmdaraðila á áhrifum fyrirhugaðs vindorkuvers á rekstur flutningskerfisins og einnig, ef þurfa þykir, óska eftir frekari gögnum og greiningum frá framkvæmdaraðila.

Virðingarfyllt

---

Einar S. Einarsson  
framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

---

<sup>2</sup> <https://www.landsnet.is/vidskipti/vidskipti/vidskiptaumhverfi/netmalar/skilmalar-um-taeknilegar-krofur-til-vinnslueininga-d1/>

# Undirritunarsíða

Einar Snorri Einarsson